Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
postur@srn.is

Reykjavík, 30. ágúst 2018

Efni: Umsögn um grænbók sem lið í stefnumótun á málefnasviði hagskýrslugerðar, grunnskráa og upplýsingamála.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa tekið til umsagnar grænbók sem er liður í stefnumótun á málefnasviði hagskýrslugerðar, grunnskráa og upplýsingamála. Samtökin fagna flestum tillögum sem fram koma í grænbókinni og taka undir mikilvægi þeirra, sérstaklega þeirra sem vísa til þess að styrkja þurfi miðlæga stjórnun rafrænnar þjónustu og stuðla að aukinni samhæfingu hennar. Samtökin gera hins vegar nokkrar athugasemdir og þá aðallega um umfjöllun grænbókarinnar um rafræn auðkenni og vilja koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:

1. **Aðkoma ríkisins að rekstri ólíkra rafrænna auðkenningarleiða**

Í kafli 3.6 um lykilviðfangsefni til næstu ára í grænbókinni er tekið fram í v3) að ríkið eigi að hafa *aðkomu að rekstri ólíkra rafrænna auðkenningarleiða*: 1) rafrænum skilríkjum og 2) Íslykli. Samtökin telja viðfangsefnið fela í sér óljósa stefnumótun enda óskýrt hvað felist í aðkomu ríkisins að rekstri ólíkra rafrænna auðkenningarleiða.

Þróun og rekstur rafrænna auðkenna er mikilvæg fyrir íslenskt samfélag og samtökin taka undir nauðsyn þess að tryggja nægjanlegt framboð á slíkum auðkennum. Rekstur rafrænna auðkenna er kostnaðarsamur og krefst mikillar sérþekkingar. Vegna örra tæknibreytinga og aukinna krafna um öryggi og gagnavernd er fyrirséð að auðkenningarleiðir munu taka miklum og hröðum breytingum næstu áratugi. Stöðug þörf er á að hanna nýjar tæknilausnir og krafan um hátt öryggisstig eykst í takt við auknar netógnir.

Það var upphaflega samstarfsverkefni ríkis og einkaaðila að koma á fót slíkum auðkennum, sem nú kallast rafræn skilríki. Samtökin fagna slíku framtaki þar sem ríki og einkaaðilar koma saman til að byggja upp mikilvæga innviði. Rafræn skilríki eru nú rekin af einkaaðila og eiga almennar reglur markaðarins við um þá starfsemi. Ljóst er hinsvegar að ríkið hefur talið þörf á að bjóða upp á aðra auðkenningarleið, þ.e. svokallaðan Íslykil, sem er fjármagnaður og rekinn af ríkinu. Sú leið hefur staðið stofnunum, einstaklingum og fyrirtækjum til boða ókeypis og verið í samkeppni við aðra aðila á markaði. Auk þess er sú auðkenningarleið, skv. grænbók, í víðtækri útbreiðslu en sökum lágs öryggisstigs Íslykilsins hentar hann ekki alltaf. Því er þörf á öðrum og öruggari lausnum til að mæta kröfum, bæði alþjóðlegum og innlendum, um öryggi og gagnavernd.

Eins og fyrr greinir, eru nú þegar einkaaðilar starfandi á markaði sem þróað hafa rafræn skilríki og því hefur aðkoma ríkisins verið takmörkuð. Ef ríkið hyggst einnig hefja rekstur slíkra

skilríkja er nokkuð ljóst að það mun kalla á frekari útgjöld, þar sem sú auðkenningarleið kallar á frekari tæknilausnir. Þegar fram líða stundir verður að teljast óhagkvæmt að ríkið þrói þessar lausnir í samkeppni við einkaaðila á markaði sem eru betur í stakk búnir til þess og hafa þá sérþekkingu sem þörf er á.

Í ljósi almenns orðalags og án frekari skýringa telja Samtökin óljóst hver fyrirhuguð aðkoma ríkisins eigi að vera að rekstri rafrænna skilríkja sem og hver sé framtíð Íslykilsins og leggja til að þetta verði útfært nánar.

Í sama kafla grænbókarinnar kemur fram að skerpa verði á *rekstrarumhverfi* auðkenningarleiða og móta langtímastefnu um þessi mál og aðkomu ríkisins að þeim. Samtökin velta í því samhengi fyrir sér hver sé ætlunin að aðkoma ríkisins verði að t.d. auðkenningarþjónustum. Eins og staðan er í dag hefur ríkið haldið uppi auðkenningarþjónustu í gegnum Island.is gáttina. Sú innskráningarþjónusta, sem er í eigu ríkisins og rekin er af Þjóðskrá Íslands, er af lestri grænbókar ætlað að standa opinberum stofnunum til boða svo einstaklingar geti á einum stað nálgast upplýsingar um sig og sín réttindi. Samtökin telja að marka þurfi með skýrari hætti stefnu um notkun á umræddri gátt og þá hvort notendur hennar eigi einungis að vera opinberir aðilar eða hvort ætlunin sé að þjónusta einkaaðila. Sú staða er nú uppi að umrædd þjónusta er veitt einkaaðilum sem tengja viðskiptavini sína svokölluðum mínum síðum í gegnum innskráningarþjónustuna Island.is og stendur sú þjónusta til boða ókeypis. Umrædd þjónusta er því, eins og staðan er í dag, í samkeppni við þá fjölmörgu aðila á markaði sem bjóða uppá almennar upplýsinga- og þjónustuveitur.

Samtökin gera ennfremur athugasemdir við áherslu nr. 25 í grænbókinni þar sem fram kemur að notendur rafrænna skilríkja eigi ekki að þurfa að bera kostnað af þeim. Í dag er það svo að ríkið gefur út skilríki, t.d. vegabréf og ökuskírteini, og innheimta fyrir það gjald. Stendur þá jafnframt til að útgáfa slíkra skilríkja verði gjaldfrjáls? Eins og fyrr greinir er kostnaður við þróun og rekstur rafrænna skilríkja mikill og því óljóst hvernig reka eigi slíka starfsemi ef óheimilt er að innheimta gjald fyrir þá þjónustu. Skortir verulega á rökstuðning fyrir umræddri áherslu og þá hvaða áhrif hún muni á möguleika einkaaðila til að þróa og bjóða fram slíkar lausnir.

2. Rafrænt pósthólf fyrir almenning

Samtökin vilja þá koma á framfæri að sömu sjónarmið eiga við um áform um rafræn pósthólf fyrir almenning sem fram kemur í áherslu nr. 8 í grænbókinni. Samtökin setja sig ekki upp á móti því að slík pósthólf séu til staðar þegar kemur að samskiptum fyrirtækja og einstaklinga við hið opinbera og taka undir mikilvægi þess að rafrænar lausnir standi almenningi til boða þegar kemur að greiðari samskiptum. Eins og áður verður hins vegar að draga línuna þar. Ekki sé tilefni að slík pósthólf eigi einnig standa einkafyrirtækjum og einstaklingum til boða í samskiptum þeirra á milli en fjölmörg fyrirtæki eru starfandi á markaði sem bjóða uppá rafræna miðlun skjala.

3. Rafræn birting reglugerða

Eins og nú háttar eru upprunalegar útgáfur af reglugerðum birtar á reglugerðasafni Stjórnarráðsins sem stofnreglugerðir og allar síðari breytingar birtar í aðskildum skjölum. Í mörgum tilvikum hefur sömu reglugerðinni verið breytt ítrekað og er því nauðsynlegt að skoða

og bera saman fjölmargar breytingarreglugerðir til að komast að niðurstöðu um hvað séu gild stjórnvaldsfyrirmæli hverju sinni.

Samtökin telja mikilvægt til að auka aðgengi að gildandi reglugerðum að þær séu jafnan uppfærðar með síðari breytingum þannig að þegnarnir geti gengið að þeim vísum á einum stað svipað og á við um lagasafnið á vef Alþingis. Samtökin leggja til að þessu verði bætt við sem áhersluatriði í grænbókinni.

4. Rafræn skráning á stöðu framkvæmda

Í kafla 3.2.1 er að finna stutta umfjöllun um aukna eftirspurn eftir upplýsingum um magn, verðmæti og stöðu byggingarframkvæmda. Samtökin taka undir það og telja mikilvægt að við því sé brugðist með markvissum hætti.

Í ljósi ónákvæmra hagtalna um stöðu byggingaframkvæmda hafa Samtök iðnaðarins reynt að mæta þeirri eftirspurn með því að keyra um byggingarsvæði og afla umræddra gagna. Þau gögn eru undirstaða áætlanagerða og ákvarðanatöku um byggingarframkvæmdir. Samtökin leggja til að stjórnvöld taki afstöðu með skýrum hætti hvernig afla eigi raungagna um byggingarframkvæmdir með skilvirkum hætti og þau séu gerð aðgengileg almenning.

Virðingarfyllst,

Virðingarfyllst,

Unnur Elfa Hallsteinsdóttir,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Björg Ásta Þórðardóttir
f.h Samtaka iðnaðarins